

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfshætti skráningarstofu ökutækja, nr. 79 30. janúar 1997.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

- a. Skilgreining um skoðunarstofu orðist svo:
Skoðunarstofa: Faggilt skoðunarstofa sem fengið hefur starfsleyfi til að annast skoðun ökutækja.
- b. Við bætist ný skilgreining sem orðist svo:
Endurskoðunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur starfsleyfi til að endurskoða að bætt hafi verið úr frávikum sem fram hafa komið við aðalskoðun, breytingaskoðun og skráningarskoðun.

2. gr.

2. gr. breytist þannig:

- a. Á eftir 3. þankastriki komi nýtt þankastrik sem orðist svo:
– að reka tæknideild, sbr. 5. gr.,
- b. 5. þankastrik (sem verður 6. þankastrik) orðist svo:
– að annast skráningu á aðilum sem hafa hlutverki og skyldum að gegna við skráningu ökutækja eða skoðun, svo sem innflytjendum ökutækja, skoðunarstofum, endurskoðunarverkstæðum og löggiltum bifreiðasölum,

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Tæknideild skráningarstofu skal:

- veita upplýsingar um reglur er varða gerð og búnað ökutækja og skráningu þeirra,
- vera til ráðuneytis um þróun og mótnun reglna um gerð og búnað ökutækja,
- annast faglega forvinnu á reglum sem varða skráningu og skoðun ökutækja,
- annast gerð og dreifingu uppfærðra skjala í Skoðunarhandbók, m.a. með tölvutækum hætti,
- reikna út frávik við framkvæmd skoðana á skoðunarstofum samkvæmt Skoðunarhandbók og dreifa þeim upplýsingum til faggildingarsviðs Löggildingarstofu, skoðunarstofa og dómsmálaráðuneytisins,
- annast eftirlit með framkvæmd skoðana hjá skoðunarstofum og endurskoðunarverkstæðum.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.